

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

September 2025


Hernaðaraðgerðir Rússa

Útbreiðsla átakanna

Hátt í fjögur ár eru síðan Rússar gerðu innrás í Úkraínu og stendur hernaður þeirra þar enn yfir. Aðfaranótt 10. september síðastliðinn rufu rússneskir drónar pólska lofthelgi og einhverjir þeirra voru skotnir þar niður. Rúmri viku síðar flugu þrjár rússneskar herþotur inn í lofthelgi Eistlands þar sem þeim var snúið við af flugvélum bandamanna í NATO. Fáum dögum síðar var drónum flogið inn í lofthelgi Noregs og Danmerkur þó ekki liggi ljóst fyrir hvaðan þeir komu en samkvæmt yfirlýsingu Norður-Atlantshafsráðsins hafa fleiri ríki orðið fyrir lofthelgibrotum af hálfu Rússa nýlega, þar á meðal Finnland, Litháen og Rúmenía.

Meira en sjö af hverjum tíu landsmönnum telja líklegt að hernaðaraðgerðir Rússlands í Úkraínu muni leiða til hernaðaráttaka í öðrum löndum á meðan rúmlega einn af hverjum tíu telur það ólíklegt.^{*1} Svartsýni landsmanna þegar kemur að útbreiðslu átakanna er talsvert meiri en í fyrri mælingum. Rétt eftir innrás Rússa í Úkraínu töldu rúmlega sex af hverjum tíu Íslendingum líklegt að átökin breiddust út en hlutfallið hafði lækkað niður í rúmlega helming um mánuði síðar.

Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að hernaðaraðgerðir Rússlands í Úkraínu muni leiða til hernaðaráttaka í öðrum löndum?




Konur telja frekar en karlar líklegt að hernaðaraðgerðir Rússlands í Úkraínu muni leiða til hernaðaráttaka í öðrum löndum. Fólk með meiri menntun og fólk með hærri fjölskyldutekjur telur það einnig frekar en fólk með minni menntun og lægri tekjur. Þau sem kysu Viðreisn ef kosið yrði í dag telja það líklegra en þau sem kysu aðra flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þau sem kysu Miðflokkinn telja það aftur á móti ólíklegra en þau sem kysu aðra flokka.


Greiningar

■ Öruggt/Líklegt ■ Hvorki né ■ Ólíklegt/Útilokað


Kyn *




Menntun *



Fjölskyldutekjur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




* Marktækur munur á milli hópa

*1 Könnunin var gerð 11.-28. september og meirihluti svaranna kom inn fyrstu daga könnunarinnar.

Áhrif á Íslendinga

Ríflega fjórir af hverjum tíu landsmönnum telja að innrás Rússlands í Úkraínu muni hafa mikil áhrif á líf sitt. Rúmlega fjórðungur telur aftur á móti að hún muni hafa lítil eða engin áhrif á líf sitt. Þetta eru svipuð hlutföll og í síðustu mælingum.

Hversu mikil eða lítil áhrif telur þú að innrás Rússlands í Úkraínu muni hafa á líf þitt?



Fólk með framhalds- eða háskólamenntun er líklegra en fólk með minni menntun til að telja að innrás Rússlands í Úkraínu muni hafa mikil áhrif á líf sitt. Fólk með hærri fjölskyldutekjur er sömuleiðis líklegra til þess en fólk með lægri tekjur. Þau sem kysu Samfylkinguna eru líklegri en þau sem kysu einhvern hinna stóru flokkanna til að telja að innrásin muni hafa mikil áhrif á líf sitt. Þau sem kysu Miðflokkinn eru aftur á móti ólíklegri en önnur til að telja það. Þau sem telja líklegt að hernaðaraðgerðir Rússa í Úkraínu leiði til átaka í öðrum löndum telja frekar að hún muni hafa mikil áhrif á líf sitt.

Greiningar

■ Gífurleg/Mikil ■ Hvorki né ■ Lítil/Engin

Kyn *




Menntun *




Fjölskyldutekjur *



Þú kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að hernaðaraðgerðir Rússlands í Úkraínu muni leiða til hernaðaráttaka í öðrum löndum? *



* Marktækur munur á milli hópa

Rösklega helmingur Íslendinga segist finna fyrir óöryggi eða ótta vegna ástands og atburða líðandi stundar tengdum innrás Rússa í Úkraínu á meðan tæplega fjórðungur segist ekki gera það. Þetta eru svipuð hlutföll og stuttu eftir innrás Rússa í Úkraínu.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu þegar kemur að atburðum líðandi stundar tengdum innrás Rússa í Úkraínu? Ég finn fyrir óöryggi og/eða ótta vegna ástandsins



Konur segjast frekar en karlar finna fyrir óöryggi eða ótta vegna ástandsins. Þau sem hafa hæstar fjölskyldutekjur finna síður fyrir óöryggi vegna þess en tekjulægri. Þau sem kysu Viðreisn ef kosið yrði til Alþingis í dag finna helst fyrir óöryggi eða ótta vegna ástandsins en síst þau sem kysu Miðflokkinn. Þau sem telja líklegt að hernaðaraðgerðir Rússa í Úkraínu leiði til átaka í öðrum löndum finna frekar fyrir óöryggi eða ótta vegna ástandsins. Það sama má segja um þau sem telja að innrás Rússlands í Úkraínu muni hafa mikil áhrif á líf sitt.


Greiningar

■ Sammála ■ Hvorki né ■ Ósammála


Kyn *




Fjölskyldutekjur *




Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *



Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að hernaðaraðgerðir Rússlands í Úkraínu muni leiða til hernaðaráttaka í öðrum löndum? *



Hversu mikil eða lítil áhrif telur þú að innrás Rússlands í Úkraínu muni hafa á líf þitt? *



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að hernaðaraðgerðir Rússlands í Úkraínu muni leiða til hernaðaráttaka í öðrum löndum?
- Hversu mikil eða lítil áhrif telur þú að innrás Rússlands í Úkraínu muni hafa á líf þitt?
- Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu þegar kemur að atburðum líðandi stundar tengdum innrás Rússa í Úkraínu? Ég finn fyrir óöryggi og/eða ótta vegna ástandsins

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 11. til 28. september 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.869 og þátttökuhlutfall var 43,8%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.